

Janúar 2010

# menning

[ SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## AÐ TJALDABAKI



**Klám eða snilld?** Það eru skiptar skoðanir á nýjustu bókinni í Neonseríu Bjarts, Votlendi eftir

þýska rithöfundinn Charlotte Roche. Bókin fjallar um unga stúlku sem er lögð inn á spítala eftir að hafa skorið sig við rakstur á milli rasskinnanna. Frásögnin er vægast sagt bersögul og ekki við hæfi viðkvæmra enda skiptist lesendahópurinn í tvo hópa – annar kúgast og kallar hana klám en hinn lofar. Áttu Guðrún Vilmundardóttir og félagar hjá Bjarti víst í stökustu vandræðum með að finna viljugan þýðanda, þar til Bjarni Jónsson leikskáld tók að sér verkið. Guðrún er líka glúrin í markaðssetningu – Votlendi kemur út 2. febrúar næstkomandi, sem svo skemmtilega vill til að er einmitt alþjóðlegur dagur votlendis.

### Sýningin Ljósílitlufun er

skemmtileg kynning á öllum helstu „hipp og kúl“ listamönnum Íslands um þessar mundir, eins og Sigtryggur Berg Sigmarsson, Davíð Örn Halldórsson, Sara Riel og Helgi Þórsson eru. Í dag gefst unga fólkinu tækifæri til þess að kynnast þessari hressu málalari en klukkan 14 hefst dagskrá þar sem leitað er að furðuverum, dýrum og plöntum sem birtast á ólíklegustu stöðum á sýningunni og kannað hvernig málverkin flæða út fyrir ramma, mörk og „venjuleg“ rými. Það er frítt inn og allir velkomnir.



### Lærisveinn Nerdrums,

**Prándur** Þórarinnsson, sýnir málverk frá og með deginum




í dag á veggjum veitingahússins Geysis í Aðalstræti 2 í Reykjavík. Verkin eru hluti af sýningu Prándar,

Áfangar, sem haldin var í 101 Gallerí nýlega.




# EINSTÖK UPPLIFUN

## Golf í London



verð frá:\*  
Foxhills Club & Resort 99.000-  
Donnington Valley Hotel & Spa 99.000-  
NÝTT - Formby Hall Golf Resort & Spa 110.000-  
Celtic Manor Resort 140.000-  
Hanbury Manor  
The Grove

\* Flug með Icelandair, flugvallaskattar og aukagjöld, gisting með morgunverði, golf og aðgengi að heilsulindum hótélanna.



### Kynntu þér kosti þess að skella sér í golfferð til London með GB Ferðum:

Stutt flug (3 klst) • Stuttur akstur frá flugvelli • Golf báða ferðadagana • Milt veður • Góð verð á topp 4- og 5 stjörnu hótélum  
Nudd gufuböð & heitir pottar á staðnum • Búið að bóka alla rástíma • Búið að bóka borð á kvöldin (sé óskað eftir því)

Bókaðu golfferðina þína á [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is) eða í síma 534 5000

ICELANDAIR



Ferðaskrifstofa  
Leyfishafi Ferðamálastofu



VIÐ ERUM Á  
FACEBOOK

GB FERÐIR  
[www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is)

Hringdu í síma

# 512 5060

ef blaðið berst ekki

